

**Nd.**

**39. Nefndarátt**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 2. nóv. 1914, um heimild fyrir landsstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs skipaveðlán h.f. Eimskipafjelags Íslands.

Frá fjárhagsnefndinni:

Með því að hjer er einungis um framhaldsábyrgð að ræða, og á hinn bóginn sjálfsagt að aðstoða Eimskipafjel. Íslands til nýrra skipakaupa, eins og nú stendur á, er nefndin málinu fyllilega samþykk. En með því, að misprentast hefir í frumv. krónutalan, ræður nefndin til að það sje samþykkt með þeirri breytingu, að

fyrir 500,000  
komi. 600,000.

Alþingi, 29. des. 1916.

Þorleifur Jónsson,  
formaður.

Pjetur Jónsson,  
ritari og framsm.

Stefán Stefánsson.

Einar Arnason.

Skúli S. Thoroddsen.